

Sýning Einars Hákonarsonar

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Það er mikið líf að Kjarvalsstöðum þessa dagana, sem ráða má af því, að þrjár myndlistarsýningar voru opnaðar þar um sl. helgi og ein bættist við um þessa. Er þá allt fullskípað í húsinu og fjölbreytnin slík, að sjálfsgætt er að hvetja fólk til innlits í þetta aðal menningar- og sýningarmuster sjónlista á höfuðborgarsvæðinu.

Hér í blaðinu hefur þegar verið fjallað um ágætis sýningar Karls Júlíussonar og Steinunnar Þórarinsdóttur í göngum Kjarvalsstaða, og nú verður því víkið að framlagi þriðja sýnandans **Einars Hákonarsonar**, sem er sýnu víðamest enda fyllir það allan vestursal.

Það munu vera liðin tvö ár síðan Einar hélt síðast sýningu og þá einmitt í þessum sama sal og má af því marka að maðurinn sé í senn stórtækur og afkastamikill.


Ekki hafði ég hinn minnsta grun um að sýning væri væntanleg frá hendi Einars fyrr en stuttu fyrir opnun hennar, fannst eiginlega flestir líklegri

til slíkra athafna en hann. Maðurinn er í erfiðu og erillsömu starfi skólameistara Myndlista- og handiðaskólans, sem er meira en fullt starf fyrir hina vöskustu menn. Svo sem kunnugt er, dynja ýmsir sviptibyljir á þeim er taka að sér þetta óvinsæla og átakamikla starf og verður svo áfram þar til heildargrundvöllurinn verður réttlegur fundinn og í lög festur. Andrúmið er þannig langt frá því að vera hið æskilegasta til listrænna athafna, sem krefjast mikils tíma og helst ótakmarkaðs næðis.

Það er því með nokkrum kvíða að maður nálgast sýningar sem þessa og er viðbúið að þær standist ekki þær miklu kröfur er gerðar eru til manna sem eru í þeim mæli í sviðsljósinu sem Einar Hákonarson er óneitanlega.

Þá er skemmst frá því að segja, að í ljósi allra aðstæðna fer þessi sýning Einars langt fram úr því er flestir munu hafa búist við, þannig að gerandinn má vel við una og á köflum meira en vel. Menn hugleiði einungis eitt augnablik meðan þeir skoða sýninguna hvað þeir myndu hugsa ef einhver annar en Einar Hákonarson ætti hér hlut að máli.

— Það hafa orðið breytingar á



myndstíl gerandans frá síðustu sýningu og í mörgum tilvikum til bóta. Þannig tel ég að margir geti verið sammála því, að átakamestu myndirnar á sýningunni standi framar bestu myndum fyrri sýningar. Litirnir eru ekki eins hvellir og hráir og oft áður og sérstakir teiknihæfileikar Einars njóta sín betur, en ennþá e.t.v. of vel, því hér er verið að mála frekar en teikna.

Vafalítið munu hinar stóru

myndir gerandans vekja einna mesta undrun sýningargesta og í fyrstu umferð skyggja þær mjög á hinar minni. Það er ekki fyrr en eftir nokkrar yfirferðir, að hinar smærri myndir fara að njóta sín að marki en til fulls njóta þær sín ekki á þessum stað né í þeirri umferð sem listamaðurinn hefur búið þeim. Fram kemur, að hinar ljóðrænni myndir sýningarinnar njóta sín stórum betur í vandaðri umgerð

og er t.d. myndin „Júlínótt“ (4) mjög gott dæmi um það. Lítum einungis á mynd nr. 1 og hugsum okkur svipaða umgerð utan um þá mynd og hve ólíkt betur hún myndi þá njóta sín og raunar margar fleiri myndir á sýningunni. Þessar tvær myndir njóta sín misjafnlega vel, en eru báðar í háum gæðaflokki á sýningunni. Ætti ég að nefna myndir, sem höfðu einkum til mín á sýningunni eftir nokkrar heimsóknir, þá væru það helst myndirnar „Stúlka“ I og II (9 og 14), „Um-ræður utan dagskrár“ (12), „Á Valhúsahæð“ (21), „Síðdegisgóðviðri“ (33), „Dr. Stefán yfirgefur samkvæmið“ (39), „Spekingarnir“ (41), „Samtal“ (43), „Strákarnir“ (46), og „Kvöldstemning“ (54). — Stúlkumyndirnar eru mjög hressilega málaðar og af áberandi skaphita. Hinar stóru myndir, sem hafa yfir sér undirtón ísmeygilegrar ádeilu á líðandi stund, boða máski mestu nýjungina í list Einars Hákonarsonar. Það er í sjálfa sér vel af sér víkið að mála þessa tegund mynda án þess að ádeilan verði ýkt og óþægilega hrjúf, sem er nær landlægt hælendis um svipaðar myndir (12, 21, 39 og 48). Aðrar myndir, sem ég hefi þegar talið upp, vega salt milli þess að vera ljóð- eða myndrænar (mal-erískar).

Fyrir utan fyrrnefndar myndir og nokkrar aðrar er það helst til aðfinnslu, að myndir verka nokkuð hráar og ófullgerðar og líkast sem málaðar undir pressu tímahraks.

Dregið saman í hnotskurn, þá má Einar Hákonarson sem fyrr segir allvel una við þessa sýningu en ljóst er að hann getur betur, miklu betur, og ég er ekki frá því, að sá árangur sé á bak við næstu hæðir og enda þegar í sjónmáli.

N?

Launatengd gjöld

35 þús.

Til stéttarfélags, lífeyrissjóðs og skatta

18 þús.

Óbeinir skattar

30 þús.

Eftirstöðvar til skattfrjálsrar einkaneyslu

67 þús.

VERZLUNARRÁÐ ÍSLANDS

Starfsmanns og sam-

ins verður að tekjum hjá því opinbera.


atvinnutækifærum, sem fylgja hljóta í kjölfar grósku hjá atvinnuvegunum? Er það starfsfólki í hag að íslensk fyrirtæki geta yfirleitt ekki varið neinum fjármunum í rannsóknarstörf, sem víða um veröld gefa góðan arð í vinnuhagræðingu, framleiðniaukningu og betri rekstrarútkomu? Er það þeim í hag, sem sækja þurfa batnandi starfs- og launakjör í hendur fyrirtækja, að þannig er búið að atvinnurekstri, að hann ris ekki einu sinni undir sjálfum sér við óbreyttar rekstraraðstæður, sbr. skuldaféttun í ýmsum atvinnugreinum? Er það almenningi hagstætt, að halda íslenskum atvinnuvegum í þeirri úlfakreppu, að verðmætasköpun og þjóðartekjur, sem í raun ráða lífsskjörum í landinu, verða afgerandi minni en efni stóðu og standa til? Nei, slík stefna stríðir gegn hagsmunum launþega og þjóðarheildarinnar, þegar grannit er gáð.

Það er mál að kasta fyrir borð á þjóðarskútunni þeim úreltu stefnuvitum Alþýðubandalagsins, sem vísa veginn í núverandi ríkisstjórn.

28.000 starfa í iðnaði

Matthías Bjarnason, alþingismaður, mælti nýlega fyrir tillögu til þingsályktunar, sem þingmenn úr öllum flokkum nema Alþýðubandalagi flytja, til stuðnings íslenskum iðnaði. Megintilgangur tillögunnar er að styrkja rekstrarstöðu og markaðshlutdeild íslensks iðnaðar, sem átt hefur í vök að verjast, en 28.000 einstaklingar hafa enn lífþráð af iðnaðarstörfum — og er þó fiskiðnaður undanskilinn. Frá sjónarmiði atvinnuöryggis skiptir því verulegu máli að ekki komi til frekari samdráttar í iðnaði og að vörn verði snúin í sökn.

Flutningsmenn vilja láta kanna ýmsar leiðir, svo sem: 1) niðurfell-



VERZLUNARRÁÐ ÍSLANDS

ingu ýmissa opinberra gjalda til lækkunar á kostnaði, 2) endurskoðun á raforkuverði innlendum iðnaði í hag, 3) opinberum innkaupum verði að öðru jöfnu beint til innlendra framleiðslu, 4) aðflutningsgjöld af framleiðniaukandi vélum og tækjum, þ.á.m. tölvum, verði felld niður, 5) úttekt verði gerð á styrktar- og stuðningsaðgerðum í helztu viðskiptalöndum okkar í þágu þarlands iðnaðar, 6) gert verði áttak til að hvetja til framleiðslu innanlands á vörum, sem nú eru eingöngu innfluttar.

Matthías tindi til ýmis lærðomsrík dæmi, en hér verður aðeins minnst á örfá þeirra:

● Viðgerðum og nauðsynlegri endurnýjun skipastóls á að beina í ríkari mæli að innlendum skipasmíðastöðvum. Þrátt fyrir stærð fiskiskipastólsins verður aldrei um algera stöðvun í endurnýjun, en henni á að jafna á langan tíma. Enginn mun þeirrar skoðunar að leggja eigi niður innlenda skipasmíði, enda myndi það kosta mikið, bæði í auknu atvinnuleysi og aftur í uppbyggingu síðar.

● Gengisstýring síðustu ára hefur nær lagt að velli íslenskan húsgagnaiðnað, sem búa þurfti við 50–60% innlendar kostnaðarhækkunar á ári hverju, á sama tíma sem röng gengisskráning lækkaði verð innfluttra samkeppnisvara.

● Um langt árabíl hefur mikill hluti mjólkurumbúða verið framleiddur erlendis, þótt hér innanlands sé til staðar þekking og framleiðslugeta til að annast þetta verkefni. Ríkisvaldið greiðir niður mjólkina, en gengið er fram hjá umbúðaiðnaðinum.

● Talið er að árið 1980 hafi verið notaðar 52 milljónir „tetrapakka“ í umbúðir og áætluð nýting eftir tvö ár sé 60 milljónir. Hér er fullkomin verksmiðja, Kassa-gerð Reykjavíkur, sem þessari framleiðslu getur sinnt, í stað þess að flytja umbúðirnar inn, sagði Matthías.

● Hefja þarf herferð til að hvetja Íslendinga til að kaupa að öðru jöfnu innlenda framleiðslu, og styrkja þann veg íslenskt atvinnuöryggi. Í þessu efni mættu

HEILDAR SKATTHEIMTA

Myndin sýnir innheimtu skatta til ríkis og sveitarfélaga í hlutfalli við vergar þjóðartekjur.

Með sömu aukningu á skattheimtu opinberra aðila má gera ráð fyrir 75% skatthlutfalli árið 2000.

Athuganir sýna, að vaxandi hlutfall skattheimtu leiðir til stöðunar í framleiðni, minnkandi þjóðartekna og atvinnuleysis.

Áratugurinn 1970–1980 er réttlæga nefndur tímabil ört vaxandi ríkisumsvifa.

forsjármenn ríkis, ríkisstofnana og sveitarfélaga vísa veginn.

● Hvaða vit er í því, sagði Matthías, að ríkisvaldið efni til himinhárra aðflutningsgjalda á vélar og tæki til iðnaðar, ef það kostar í leiðinni samdrátt í íslenskum iðnaði, sem rýrir ýmsa aðra skattstofna ríkisvaldsins?

Matthías sagði ennfremur efnislega: Hinu neita ég að trú á að sjávarútvegur eigi ekki eftir að bæta enn við sig nokkrum mannafla og sömuleiðis fiskvinnslan, sem orðið getur fjölþættari. En fyrst og fremst þurfum við að efla iðnaðinn, samhliða hefðbundnum atvinnugreinum, og vera opin fyrir nýjum iðjugreinum, því atvinnulífið, framleiðslan, er undirstaða alls annars, ekki sízt almennra lífsskjara, og gildir þá einu hvort þau koma fram í einkaneyslu eða félagslegri þjónustu, svokallaðri, s.s. heilbrigðisþjónustu, fræðslu, almennatryggingum eða menningarmálum ýmskonar. Kostnaðarþátturinn er ævinlega endanlega sóttur til atvinnulífsins, verðmætasköpunar í þjóðarbúskapnum og viðskiptakjara út á við, sem þjóðartekjunum ráða.